



Íþróttafélagið Fylkir

17.maí 2021

Minnisblað vegna Höfðahverfis

Íþróttafélagið Fylkir þjónustar í dag íbúa Ártúnsholts, Árbæjar, Seláss og Norðlingaholts. Fjöldi íbúa í þessum borgarhluta telja 11.000 manns. Í Fylki eru starfræktar 7 deildir/íþróttagreinar með í kringum 1500 iðkendum frá 3 ára aldri. Þær íþróttagreinar sem félagið býður upp á eru mjög fjölbreyttar og geta flestir fundið eitthvað við sitt hæfi. Greinarnar eru blak, fimleikar/parour, karate, körfubolti, handbolti, fótbolti og rafíþróttir. Að auki hefur félagið farið af stað með heilsurækt fyrir eldra fólk og eru í dag rúmlega 100 skráðir í það verkefni. Íþróttafélagið Fylkir verður 54 ára á árinu og hefur vaxið mikið á síðustu árum. Félagið er með góða innviði og sterkan og stöðugan rekstur.

Eins og kemur fram hér að ofan þá eru í kringum 11.000 íbúar búsettir á þjónustusvæði félagsins og er það mat stjórnar félagsins að sá fjöldi sé í það minnsta til að geta haldið úti félagi með jafnmargar deildir og Fylkir er með. Til þess að bæta og styrkja starfsemi félagsins þá sækir félagið um að þjónusta nýtt Höfðahverfi. Vonandi verður það að veruleika og félagið yrði þá komið í mjög góða stærð til að vaxa og dafna til framtíðar.

Það er margt sem mælir með því að Höfðinn henti félaginu vel og má í því samhengi minnst sérstaklega á stærð félagsins, sterka innviði, staðsetningu og góðrar tengingu Árbæjarhverfis við Höfðann. Hvað varðar staðsetningu þessarar tveggja hverfa þá má segja að Höfðahverfið liggi samsíða Ártúnsholti og Árbæ. Góðar tengingar eru á þremur stöðum á milli hverfa fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og tekur stuttan tíma að fara á milli.

Forsvarsmenn Fylkis sjá fyrir sér að hluti starfseminnar fari fram innan sjálfs Höfðahverfis og á það sérstaklega við um yngri iðkendur svo þau þurfi ekki alltaf að fara úr sínu nærumhverfi á æfingar. Það er að sjálfsögðu háð því að viðeigandi aðstöðu verði komið upp í hverfinu sem hentar þeim íþróttagreinum sem um ræðir. Fyrir þá yngri iðkendur sem þurfa að sækja æfingar út fyrir Höfðahverfið þá mun frístundavagn Fylkis koma þeim á æfingastað hvort sem það er á Fylkisveg eða í Norðlingaholti. Fylkir hefur rekið frístundavagn með góðum árangri í nokkur ár og því lítið mál að bæta Höfðahverfinu inn í dagskrá vagnsins.

Hvað varðar æfingar eldri iðkenda þá er hugmyndin að nota núverandi aðstöðu félagsins sem ætti að vera lítið mál þar sem tengingar á milli hverfa eru góðar hvað varðar göngu- og hjólaleiðir. Að sjálfsögðu verður það skoðað líka hvort hluti af æfingum eldri iðkenda geti farið fram í Höfðahverfi en það er háð aðstöðu.

Félagið hefur mikla reynslu af samskiptum við skóla og leikskóla og hefur sett upp fjölmörg verkefni sem unnin hafa verið með góðum árangri. Forsvarsmenn félagsins hafa mikinn áhuga og metnað að vinna verkefnið vel með skólum hverfisins og tengja íþróttastarfið sem best við dagskrá skólanna.

Að lokum óskar Íþróttafélagið Fylkir hér með eftir því að fara í viðræður við Reykjavíkurborg um að þjónusta nýtt Höfðahverfi. Vegna núverandi stærðar félagsins, sterkra innviða og fjölbreyttrar starfsemi þá telja forsvarsmenn Fylkis að félagið geti sinnt þessu verkefni mjög vel.

Hörður Guðjónsson, framkvæmdarstjóri Fylkis